



Gjaldskrá fyrir heimaþjónustu í Norðurþingi

1. gr.

Fyrir félagslega heimaþjónustu í Norðurþingi skal greiða gjald fyrir hverja unna vinnustund sem nemur launaflokki 126 samkvæmt samningum

Starfsmannafélags Húsavíkur, að viðbættu orlofi, álagi og launatengdum gjöldum, samtals: **2.570. kr.**

2.gr.

Varðandi gjaldskyldu fyrir félagslega heimaþjónustu gilda eftirfarandi viðmiðunartekjur:

1. Undanþegnir gjaldskyldu skulu þeir sem ekki hafa aðrar tekjur en ellilífeyrir/örorkulífeyri, tekjutryggingu, heimilisuppbót og tekjutryggingarauka frá almannatryggingum. Svo og þeir sem hafa samtals tekjur innan framangreindra marka. eða **214.602 kr.**
2. Viðmiðunartekjur fyrir hjón eða sambylissfólk með sameiginlegan fjárhag eru þær sömu og tilgreindar eru í 1. lið, margfaldaðar með 1,5 eða **321.903 kr.**
3. Tekið skal tillit til fjölda barna til 18 ára aldurs.
4. Þjónustupegar með tekjur sem eru allt að 50 % hærri en viðmiðunartekjur

skulu greiða gjald sem nemur 1/3 af tímakaupi starfsmanns

5. Þjónustuþegar með tekjur sem eru yfir 50 % hærri en viðmiðunartekjur skulu greiða gjald sem nemur hálfu tímakaupi starfsmanns.

6. Þjónustuþegar með tekjur yfir 75 % hærri en viðmiðunartekjur, skulu greiða fullt tímakaup starfsmanns.

7. Lífeyrisþegar greiða aldrei hærra gjald fyrir félagslega heimaþjónustu en sem nemur 75 % af tekjum umfram það sem þeir fá frá Tryggingastofnun Ríkisins.

8. Viðmiðunartekjur sem nefndar eru í þessari málsgrein, hækka til jafns við hækkun bóta Tryggingastofnunar ríkisins.

9. Ekki skal telja sérstaka uppbót lífeyristrygginga vegna læknis- og lyfjakostnaðar og umönnunar- eða bensínstyrk almannatrygginga til tekna.

3.gr.

Heimilt er að gefa eftir hluta greiðslu fyrir veitta félagslega heimaþjónustu eða fella greiðslu alveg niður. Skal þá farið eftir reglum um fjárhagsaðstoð.

4.gr.

Tekið er tillit til fjölda barna á heimili þjónustuþega, 18 ára og yngri og skal draga meðlags upphæð frá Tryggingastofnun ríkisins **kr. 29.469. kr** frá heildartekjum þjónustuþega fyrir hvert barn, áður en reiknað er út í hvaða gjaldflokki heimilið lendir.

Fullt gjald fyrir hverja unna vinnustund er kr. 2.570.- frá 01.01.2017.

Tekjumörk þjónustupega sem búa einir:

Gjaldflokkur:

Allt að 214.602 kr pr. mán	0 kr/klst
Á bilinu 214.602 – 354.093 kr/mán	857 kr/klst
Á bilinu 354.093 – 378.025 kr/mán	1.285 kr/klst
Yfir 378.025 kr/mán	2.570 kr/klst

Tekjumörk hjóna kr/mán.

Allt að 321.903 kr/mán	0 kr/klst
Á bilinu 321.903 – 415.080 kr/mán	857 kr/klst
Á bilinu 415.080 – 453.942 kr/mán	1.285 kr/klst
Yfir 453.942 kr/mán	2.570 kr/klst

Tekjumörk örorku/endurhæfingarlífeyrispega er 214.602 pr. mán

Gjaldskráin gildir frá 1. janúar 2017.